



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði
Kt. 510694-2369, 450 2300

Vegagerðin

Borgartúni 5-7
105 Reykjavík

Vesturbyggð, 4. desember 2025
2512020 GBS

Efni: Beiðni um formlegu samtali við Vegagerðina um stöðu almenningssamgangna á sunnanverðum Vestfjörðum

Vesturbyggð óskar hér með eftir formlegu samtali við Vegagerðina um stöðu almenningssamgangna á sunnanverðum Vestfjörðum, með sérstakri áherslu á leiðina milli Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals.

Ákvörðun Vegagerðarinnar um að hætta styrkveitingu frá og með árinu 2025 byggir á því að þjónustan teljist eftir sameiningu sveitarfélagsins vera „innanbæjarsamgöngur“. Vesturbyggð telur að sú flokkun endurspegli hvorki efnislegar aðstæður né sé í samræmi við gildandi eða framlagða stefnu stjórnvalda um almenningssamgöngur milli byggða.

Skýringar Vegagerðarinnar og ósamræmi við stefnu stjórnvalda

Í bréfi Vegagerðarinnar frá 18. nóvember 2025 kemur fram að stofnunin hafi styrkt Vesturbyggð vegna almenningssamgangna á milli Patreksfjarðar og Bíldudals allt frá árinu 2019, og að styrkirnir hafi verið veittir á grundvelli þess að um væri að ræða þjónustu milli byggða:

Í sama bréfi kemur fram að breytingin á afstöðu Vegagerðarinnar ráðist eingöngu af því að áður aðskilin sveitarfélög hafi sameinast, en að þjónustan, leiðin, fjarlægðir og þörf séu óbreyttar:

Vesturbyggð telur að þessi túlkun sé hvorki í samræmi við efnislegan raunveruleika í sveitarfélaginu né stefnu stjórnvalda.

Gildandi stefna, almenningssamgöngur milli byggða eru verkefni ríkisins

Í heildarstefnu stjórnvalda um almenningssamgöngur milli byggða, *Ferðumst saman* (2019), er tekið skýrt fram að:

- ríkið komi að rekstri almenningssamgangna milli byggða,
- Vegagerðinni sé falið að framkvæma stefnuna og halda utan um þjónustuna.

„Stefna þessi miðast við þá aðkomu... sem ríkið kemur að með beinum hætti, þ.e. milli byggða... Við innleiðingu stefnunnar er Vegagerðinni falin framkvæmd verkefnisins.“

Í undirliggjandi skjali *Stöðumat og valkostir* er jafnframt tekið fram að:



„Almenningssamgöngur milli byggða eru samfélagslega mikilvægar og ríkið kemur að rekstri þeirra með beinum hætti.“

Þetta endurspeglar forsendurnar sem Vegagerðin sjálf studdist við þegar hún veitti Vesturbyggð styrki á árunum 2019–2024.

Ný samgönguáætlun, stefna núverandi stjórnvalda

Í framlagðri samgönguáætlun 2026–2040 kemur fram að:

- almenningssamgöngur á landsbyggðinni skuli eflar,
- tekið skuli mið af samgönguþörf sem skapast vegna sameiningar sveitarfélaga,
- og Vegagerðin beri áfram ábyrgð á heildstæðu leiðakerfi milli byggða.

Þetta er bein staðfesting á því að sameining sveitarfélags leiðir ekki til þess að slík þjónusta falli niður, heldur hið gagnstæða.

Um aðstæður í Vesturbyggð

Byggðakjarnarnir Patreksfjörður, Tálknafjörður og Bíldudalur:

- eru landfræðilega aðskildir,
- tengjast með löngum og erfiðum fjallvegum,
- mynda sameiginlegt vinnu-, skóla- og þjónustusvæði,

Þessi leið hefur því öll einkenni almenningssamgangna milli byggða, óháð því hvort sveitarfélagamörk liggi þar á milli eða ekki.

Að skilgreina slíkar ferðir sem „innanbæjarsamgöngur“ er hvorki í samræmi við efnislegar aðstæður, raunverulegar ferðavenjur né stefnu stjórnvalda.

Beiðni

Vesturbyggð óskar eftir fundi við Vegagerðina til að:

1. Ræða forsendur þess að hætt var að styrkja þjónustuna frá og með 2025.
2. Fara yfir túlkun Vegagerðarinnar á því hvort leiðin teljist „innanbæjar“ eða „milli byggða“.
3. Tryggja áframhaldandi rekstur þjónustunnar í samræmi við gildandi og framlagða stefnu stjórnvalda.

Markmið sveitarfélagsins er að tryggja samfelldar, öruggar og aðgengilegar almenningssamgöngur fyrir íbúa, sem eru lykilforsenda atvinnu- og skólasóknar, aðgengis að þjónustu og jákvæðrar byggðapróunar á sunnanverðum Vestfjörðum.

Virðingarfyllst,

Gerður Björk Sveinsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar

